MAGNA
LÖGMENN

Kjósarhreppur
b.t. hreppsnefndar
Ásgarði 276 Mosfellsbæ
Netfang: kjos@kjos.is

Sent með tölvupósti til hreppsnefndar á eftirfarandi netföng:
Karl Magnús Kristjánsson, oddviti, oddviti@kjos.is
Sigríður Klara Árnadóttir, varaoddviti, sigridur@kjos.is
Regína Hansen Guðbjörnsdóttir, ritari, regina@kjos.is
Þórarinn Jónsson Hálsi, doddi@hals.is
Guðný G. Ívarsdóttir Flekkudal, gudny@kjos.is

Reykjavík, 6. október 2020

Til hreppsnefndar Kjósarhrepps.

Efni: Málefni Þúfukots, landnr. 126494, í Kjósarhreppi. Tilkynning um vanhæfi sveitarstjórnarmanns til meðferðar máls.

Vísað er til fyrri bréfaskipta við Kjósarhrepp vegna málefna Þúfukots, þ.m.t. vegna umsóknar um breytingu á skráningu sumarbústaðarlóðarinnar Nýjakots, kærumáls ÚUA nr. 115/2019, lausagöngu hrossa og afskipta oddvita af girðingarmálum eiganda Þúfukots.

Hér með tilkynnist hreppsnefnd að þingl. eigandi Þúfukots, dap ehf. telur oddvita Kjósarhrepps, Karl Magnús Kristjánsson, vera vanhæfan til að fjalla um og taka ákvarðanir um nokkru atriði sem varða málefni Þúfukots, hverju nafni sem nefnast.

Eins og hreppsnefnd er fullkunnugt um hefur umbj. okkar, dap ehf. og eigendur félagsins G. Oddur Víðisson og Laufey Kristjánsdóttir, Litlu-Tungu í Kjósarhreppi staðið í ströngu undanfarin missiri við að verja hagsmuni sína tengda Þúfukoti. Upp úr sauð þegar G. Oddur varð fyrir líkamsárás og hótunum af hálfu Höskuldar Péturs Jónssonar, Lyngholti.

Oddviti Kjósarhrepps tók þá í málinu afgerandi afstöðu með öðrum deiluaðilanum, Höskuldi Pétri Jónssyni, sem m.a. birtist í fjölmiðum. Í töluskeyti hinn 8. júní sl. krafðist oddviti þess að umbj. minn G.Oddur Víðisson hagaði sér eins og „siðaður maður", eins og það var kallað. Í tilefni þessa ritaði ég oddvita bréf hinn 10. júní og gerði alvarlegar athugasemdir við framkomu hans sem oddvita Kjósarhrepps. Í erindinu var einnig fram að undirritaður teldi oddvita vanhæfan til að hafa frekari afskipti af málinu. Í svarbréfi oddvita hinn 11. júní sl. kom fram að hann teldi sig ekki vanhæfan en myndi taka afstöðu til mögulegs vanhæfis í hverju einstöku mái þegar þau kæmu til úrlausnar á vettvangi sveitarfélagsins.

Erindi til sveitarfélagsins, dags. 2. júní 2020, 10. júní 2020 og svarbréf oddvita er meðfylgjandi bréfi þessu.

Hér með tilkynnist og er enn ítrekað að umbj. minn telur að oddviti og sveitarstjóri sé vanhæfur til meðferðar mála tengd Þúfukoti, dap ehf. og eigendum félgsins. Jafnframt óskast upplýst, með vísan til 20. gr. sveitarstjórnarlaga hvort oddviti/sveitarstjóri hafi vikið sæti við meðferð mála sem varða málefni Þúfukots, m.a. ákvörðun um breytingu á skráningu sumarbústaðalóðarinnar Þúfukot 4 Nýjakot, sem virðist hafa verið afgreidd

nýlega, sbr. erindi sem var í gær 5. október. Ítrekað er að þess er krafist að hreppsnefnd taki afstöðu til hæfis oddvita til meðferðar máls, sbr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

Með vísan til erindis sent í gær, varðandi Púfukot óskast þetta erindi tekið fyrir á fundi hreppsnefndar.

Virðingarfyllst,

Gunnar Ingi Jóhannsson, hrl.

gunnar@magna.is

Fylgiskjöl:

1. Tölvuskeyti 8. júní 2020
2. Bréf til oddvita Kjósarhrepps, dags. 10. júní 2020
3. Svarbréf oddvita, dags. 11. júní 2020